

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 27. febrúar kl. 13:00 var haldinn 330. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir, Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum um fjarfundarbúnað.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 329 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mættu Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, ásamt Davíð Erni Einarssyni endurskoðanda Grant Thornton, og kynntu drög að ársreikningi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og móðurfélags OR vegna ársins 2022. Umræður.
Reikningurinn verður lagður fram til samþykktar á fundi stjórnar 9. mars nk. kl. 12:00.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27.02.2023 um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 5.500 milljónir króna eða tæplega 2,0% af eigin fé í árslok 2022 og 70% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2027.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til fundar 9. mars nk. Skúli Helgason óskar eftir að fleiri sviðsmyndir um arðgreiðslur verði kynntar áður en ákvörðun verður tekin.

Þórður Gunnarsson og Ragnhildur Alda Vilhjálmssdóttir óskað bókað:

Ásamt því hlutverki að gæta hagsmuna hluthafa Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er skylda stjórnarmanna OR að stuðla að viðgangi fyrirtækisins til skemmri og lengri tíma.

Vextir og verðbólga hafa hækkað skarpt frá miðju ári 2022 og fjármagnskostnaður OR í takt við það, líkt og þegar mátti lesa úr árshlutauppgjörum fyrirtækisins fyrir annan og þriðja ársfjórðung 2022. Á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2023 hefur verðbólga tekið að hækka á ný, með fyrirséðum áhrifum á verðtryggðar skuldbindingar á Íslandi. Árstaktur vísitölu neysluverðs án húsnæðis fer hratt hækkanandi og mældist tæplega 9% í febrúar, sem gefur sterklega til kynna að verðbólga á Íslandi er nú á breiðari grunni en á árinu 2022, sem eykur aftur líkur á því að verðbólga verði þrálátari en vonir flestra stóðu til.

Við þetta má bæta að óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum er mikil. Má þar einkum hafa í huga verðþróun á hrávörumörkuðum sem áhrif hafa á afkomu OR.

Í ljósi ofangreinds og með tilliti til fjárfestingaáforma OR á árunum 2023-2027 sem og endurgreiðsluferils skulda OR á árinu 2023 (samanber fjárhagsspá OR sem var samþykkt af stjórn OR 3.október 2022) er því umhugsunarefni fyrir stjórnarmenn OR

hvort skynsamlegt sé að samþykkja arðgreiðslu til eigenda að svo komnu.

Undirritaður leggur því til að stjórn taki til umræðu og umfjöllunar að falla frá arðgreiðslu til eigenda vegna rekstarársins 2022. Til vara er lagt til að stjórn fresti ákvörðun um arðgreiðslu, þar til framvinda efnahagsmála hefur tekið á sig skýrari mynd. Undirritaður óskar eftir því að þessar tillögur verði teknar til umfjöllunar á aukafundi stjórnar þann 9.mars næstkomandi, þegar endanleg ákvörðun um arðgreiðslu er fyrirhuguð.

Klukkan 14:40 yfirgaf Davíð Arnar Einarsson fundinn.

Klukkan 14:44 mætti Ásgeir Westergren til fundarins og kynnti ásamt Benedikt skoðun á fjármagnsskipan Orkuveitu Reykjavíkur og þau atriði sem áhrif hafa á greiningu þar á.

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga, dags. 23.01.2023, sem frestað var á stjórnarfundi SF 329, vegna stækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til hækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð kr. 40.000.000.000 nafnvirði. Heildarstærð útgáfuramma, útistandandi á hverjum tíma nemur eftir hækkunina kr. 120.000.000.000 að nafnvirði.

Forstjóri og/eða framkvæmdastjóri Fjármála fái heimild til undirritunar allra skjala sem heimildin nær yfir.

Umræður. Tillagan samþykkt samhljóða.

Lögð fram til upplýsingar áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21.02.2023.

Klukkan 15:20 mætti Guðveig Eyglóardóttir til fundarins.

Lagt fram erindi Reykjavíkurborgar, dags. 24. febrúar 2023, þar sem þess er farið á leit að stjórn OR lýsi rökstuddri afstöðu sinni til erindis Ljósleiðarans til eigenda um staðfestingu á samþykkt um hækkun hlutafjár, sem og þess hvort stjórn OR sé reiðubúin að leggja Ljósleiðaranum ehf. til aukið fjármagn við hækkun hlutafjár.

Benedikt kynnti upplýsingar um skoðun á málinu og svokallað „blandaða leið“, þ.e. að ytri fjárfestar og OR komi að hlutafjárukningu til að afla upplýsinga um raunverulegt markaðsverðs. Afgreiðslu erindis Reykjavíkurborgar frestað.

3. Lagðar fram tillögur starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 23.02.2023 varðandi launakjör fráfarandi og nýráðins forstjóra.

Jafnframt lagt fram minnisblað starfskjaranefndar um ákvörðun launa forstjóra, dags. 23.02.2023.

Tillaga starfskjaranefndar um laun fráfarandi forstjóra borin upp.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga starfskjaranefndar um laun viðtakandi forstjóra borin upp.

Samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 16:04 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins og lagði fram til samþykktar ársskýslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2022. Umræður. Ársskýrslan samþykkt samhljóða og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnarmanna.
5. Klukkan 16:15 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og kynnti stefnuverkefni, samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2023. Umræður.

Samþykkt.

6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 27.02.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23.02.2023.
7. Klukkan 16:30 mætti Birgitta Vigfúsdóttir, þjónustustjóri innkaupa, til fundarins ásamt Benedikt Kjartani Magnússyni, framkvæmdastjóra fjármála, lagði fram innkaupastefnu og innkaupareglur Orkuveitu Reykjavíkur. Birgitta gerði grein fyrir tillögu að breyttri innkaupastefnu og innkaupareglum. Stefnan og reglurnar rýndar og samþykktar samhljóða með breytingu.

Jafnframt var lagt fram innkaupayfirlit fyrir árið 2022, dags. 27.02.2023.
8. Lögð fram fyrirspurn Ragnheiðar Bjarkar Halldórsdóttur, varamanns í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, varðandi aðgang að gögnum vegna stjórnafunda. Samþykkt að veita varmönnum í stjórn framvegis aðgang að gögnum funda.
9. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 27.02.2023

Fundagerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 20.02.2023

Minnisblað framkvæmdastýru Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. dags. 23.01.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 23.02.2023

Fundagerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 19.01.2023

Fundagerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.01.2023

10. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 23.02.2023. Umræður.
11. Önnur mál.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að afla óháðs lögfræðialits um:

Hvort Ljósleiðaranum (Ljósleiðaranum ehf.) hafi verið heimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga vegna afnotakaupa á tveimur þráðum í ljósleiðarastreng Atlantshafsbandalagsins (NATO streng), utan meginstarfssvæðis Orkuveitu Reykjavíkur, án þess fyrst að afla samþykkis eiganda eins og kveðið er á um í gr. 8.4. og gr. 8.7 í sameignarsamningi um Orkuveituna og 4. gr. og 8. gr. eigendastefnu um Orkuveituna.

Hvort kaup Ljósleiðarans á stofnneti af Sýn hf. og tengdar fjárhagslegar skuldbindingar án þess að samþykkis eigenda Orkuveitunnar hafi verið aflað eru heimil sbr. gr. 8.4. og gr. 8.7. í sameignarsamningi og 4. gr. og 8. gr. í eigendastefnu um Orkuveituna.

Hvort samþykkt stjórnar Ljósleiðarans þann 11. apríl 2022 um 15 milljarða lántökuheimild hafi þurft samþykki eigenda sbr. 8. gr. eigendastefnu Orkuveitunnar.

Ennfremur er óskað eftir á afleiðingum þess fyrir gildi viðkomandi samninga um viðskipti, lántökur og ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur, Ljósleiðarans og stjórnar/stjórnenda þeirra ef þessi viðskipti eru ekki talin samræmast sameignarsamningi eða eigendastefnu.

Skal álitid fengið frá öðrum lögfræðistofum en þeim sem Orkuveita Reykjavíkur eða Ljósleiðarinn hafa átt í viðskiptum við undanfarin ár. Skal ábyrgðaraðili þessarar vinnu hafa fullan aðgang að gögnum Orkuveitu Reykjavíkur og Ljósleiðarans, þ.m.t.

fjárhagslegum gögnum, til þess að geta metið umfang og eðli viðskipta og fjárhagslegra skuldbindinga.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til reglulegs fundar stjórnar þann 27. mars nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:53

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. mars 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 23. janúar kl. 13:00 var haldinn 329. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Línadal.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundagerðir SF 327 og SF 328 lagðar fram og samþykktar. Fundagerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og kynnti stöðu fjármögnunar. Umræður.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 23.01.2023 vegna fjármögnunarheimildar ársins 2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 25 ma.kr. á árinu 2023. Fjármögnunarheimildin er 5 ma.kr. umfram lánsfjármögnun í samþykkttri fjárhagsáætlun.

Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Umræður. Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda Vilhjálmssdóttir og Þórður Gunnarsson greiða atkvæði gegn tillögunni.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 23.01.2023 vegna stækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til hækkunar á útgáfuramma skuldabréfa og víxla Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð kr. 40.000.000.000 nafnvirði. Heildarstærð útgáfuramma, útistandandi á hverjum tíma nemur eftir hækkunina kr. 120.000.000.000 að nafnvirði.

Forstjóri og/eða framkvæmdastjóri Fjármála fái heimild til undirritunar allra skjala sem heimildin nær yfir.

Umræður. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Benedikt gerði grein fyrir stöðu á fyrirhugðari sölu eignarhlutar í Landsneti.

Lögð fram til upplýsingar áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18.01.2023.

3. Klukkan 14:00 mætti Eiríkur Hjálmarsson sjálfbærnistjóri til fundarins og kynnti efnistöð og dagsetningar vegna ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2022. Umræður.
4. Klukkan 14:03 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar til fundarins og kynnti niðurstöðu vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var meðal starfsfólks í desember sl. Umræður.

5. Klukkan 14:40 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar til fundarins ásamt Hólmsfríði Haraldsdóttur og Hjálmar Helga Rögnvaldssyni og fjallaði um breytt fyrirkomulag á upprunaábyrgðum. Umræður.
6. Klukkan 15:15 mætti Hólmsfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri til fundarins og greindi frá aðlögun samstæðu OR að loftlagsbreytingum. Umræður. Hólmsfríður gerði líka grein fyrir minnisblaði um umhverfismál, sbr. dagskrárlið nr. 8.
7. Lilja Tryggvadóttir, sérfræðingur í rannsóknarverkefnum hjá Rannsóknnum og nýsköpun, mætti til fundarins kl 15:43 og gerði grein fyrir stefnuverkefni um framtíðarsýn forðamála fyrir HAB.
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 23.01.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 20.01.2023.
9. Lagt fram minnisblað stefnustjóra, dags. 23.01.2023, um rýni heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Lagt er til að heildarstefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt en verður tekin til rýni með vorinu.
10. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ehf. dags. 19.01.2023

Fundargerðir stjórnafunda Orku náttúrunnar ehf. dags. 14.12.2022 og 21.12.2022

Fundargerðir stjórnarfundar Eignarhaldsfélagsins Carbfix ehf. dags. 14.12 og 30.12.2022

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 19.01.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 15.12.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 18.01.2023

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 16.12.2022

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina á milli stjórnarfundar, dags. 19.01.2023. Umræður.
12. Lögð fram svör við fyrirspurnum Kjartans Magnússonar um ráðningar, dags. 16.01.2023 og vegna samninga Sýnar og Ljósleiðarans, dags. 19.01.2023.
13. Lagt er til að Þórður Gunnarsson taki sæti í starfskjaranefnd í stað Eypórs Laxdal Arnalds. Samþykkt.
14. Önnur mál.
 - Lagt fram til upplýsingar erindi Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda, dags. 2. janúar 2023.
 - Lagt fram til upplýsingar minnisblað stjórnar Ljósleiðarans til stjórnarformanns og forstjóra OR, dags. 16. janúar 2023.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. febrúar 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.




Stefnuáætlun samstæðu 2023

Samantekið yfirlit yfir stefnuverkefni í samstæðu

Setjum stefnuna

skilgreinum markmið og mælum – þannig að við náum árangri



Heildarstefna OR




Heildarstefna OR byggir á tilteknum grunnstoðum sem eru leiðarljós um mótun á stefnu og sameiginlegum **áherslum** í allri samstæðunni:

Nýta náttúrugæði á sjálfbæran og ábyrgan hátt, vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum

Bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu

Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggir þjónustu í takt við þarfir samfélagsins

Vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman




Félög samstæðunnar leggja sitt af mörkum til að framtíðarsýnin nái fram að ganga. Hvert félag mótar sína stefnu sem samræmist heildarstefnumótun OR, eins og kveðið er á um í eigendastefnu

Markmiðin til 2023




	Markmið í árslok 2023	Núverandi staða
Góður samfélagsþegn	= 6,3	= 6,1
Fjölgun rafbíla	= 40.000	= 36.712
Léttara kolefnisspor	= 47.020 og ↓ um 70% frá 2016	= 50.800 losun ↑
Heil heim	= 3,6%	= 4,5%
Ánægt starfsfólk	= 4,5	= 4,3

Stefnuverkefni árið 2023



Gerum áætlanir um það hvaða stefnuverkefni við ætlum að takast á hendur til að þróa fyrirtækin innan samstæðunnar áfram til framtíðar og þau eru hreyfiafl breytinga í rekstri



Traust rekstrarlíkan : Gjaldskrár og taxtar sem styðja við fjárfestingar, hagkvæman rekstur og rekstraröryggi



Samtal við hagaðila : Mikilvægi þess að fara vel með auðlindir okkar, huga að veitunum og koma til móts við væntingar hagaðila



Alltaf næg afköst: Samræmdar kerfisáætlanir og eftirspurnarspár allra veitna



Alltaf nægur forði : Lykilverkefni stjórnar OR -**100 ára sýn auðlinda**/framtíðarsýn í forðamálum. Fyrirbyggjandi langtímaáætlanir



Kolefnishlutleysi : Markmið til 2030 - Bæta kolefnisbókhald með því að gera grein fyrir neysludrifnu kolefnisspori og vinna að því að lágmarka kolefnisspor í framkvæmdum og innkaupum (stigagjöf heimfærð á hin félögin í kjölfarið)



Steingerður : Lofthreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun komist í rekstur árið 2025. Afköst 40 þús tonn af CO₂ á ári eða um 95% af útblæstri CO₂



Sæberg : Undirbúa niðurdælingu fyrir 2025 „seawater based CO2 injection“




Coda Terminal : Undirbúningur fyrir gangsetningu 2026 „Start pilot injection for Coda Terminal“



Fráveita og hringrásarhagkerfið : Lykilverkefni stjórnar OR : Samstarfsverkefni OR og Veitna og hluti af Græna planinu



Skýrsla um aðlögun að loftslagsbreytingum : 2. áfangi :Lykilverkefni stjórnar OR



Vaxtamening : Skilningur á menningaráskorun og raunveruleg breyting á því hvernig við gerum hlutina, samlegð í þekkingu og verkefnum í átt að markmiðum og því að vera þjónustumiðað fyrirtæki



Öryggismál Ljósleiðara : Aðgerðir sem miða að því að ná markmiði um heil heim, innleiða Gullnu reglurnar ofl.




Ferlar og sjálfvirknivæðing í hleðsluþjónustu ON : Bæta þjónustu við viðskiptavini, auka hagkvæmni og bæta skilvirkni í hleðsluþjónustu ON



Landshringur : Landshringur með þéttu neti ljósleiðarapráða til þess að efla öryggi fjarskipta í landinu




Stefnuverkefni ON



Steingerður

Markmiðið er að ON verði kolefnishlutlaust árið 2030. Fyrsti fasinn í þeirri vegferð er að byggja nýja lofthreinsistöð, Steingerði, við Hellsheiðarvirkjun og verður stöðin komin í rekstur árið 2025. Gert er ráð fyrir að hún afkasti yfir 40 þús tonnum af CO₂ á ári eða um 95% af útblæstri CO₂ frá virkjuninni.

Samstarf ON og Carbfix – markmið að byggingin verði risin fyrir lok 2023 og tilbúin fyrir búnað



Ferlar og sjálfvirknivæðing í hleðsluþjónustu ON

Markmiðið er að bæta þjónustu við viðskiptavinum, auka hagkvæmni og bæta skilvirkni í hleðsluþjónustu ON.


Kortleggja þjónustu- og söluferla í hleðsluþjónustu og sjálfvirknivæða þá eins og hagkvæmast þykir.





LJÓSLEIÐARINN

Stefnuverkefni Ljósleiðara



Landshringur

Ljósleiðarinn leggur landshring með þéttu neti ljósleiðarabráða til þess að efla öryggi fjarskipta í landinu. Þannig tryggir Ljósleiðarinn landsmönnum hraðan, öruggan og hnökralausan aðgang að tækifærum framtíðarinnar.

Suðurströnd - Reykjanesbraut suður – Skeiðarársandur - Lón



Öryggismál Ljósleiðara


Ljósleiðarinn vill að allt starfsfólk komi heilt heim.

Allt starfsfólk og verktakar þurfa að þekkja Gullnu reglurnar

-nota áhættumatrixu



Stefnuverkefni Veitna 1 - 2



Alltaf nægur forði

Lykilverkefni stjórnar OR -100 ára sýn **auðlinda**/framtíðarsýn í forðamálum. Fyrirbyggjandi langtímaáætlanir, annars kemur að því að aðgengi að auðlindum verður takmarkandi þáttur við uppbyggingu.




Alltaf næg afköst

Fyrirsjáanleiki í því hvað er framundan með samræmdum kerfisáætlunum og eftirspurnarspám allra veitna. Samræmdar kerfisáætlanir og eftirspurnarspár.



Stefnuverkefni Veitna 3 - 4



Traust rekstralíkan

Gjaldskrár og breytilegir taxtar sem styðja við þær raunverulegu fjárfestingar sem þarf að fara í og styður við hagkvæman rekstur og rekstraröryggi. Einnig að gjaldskrár komi í veg fyrir sóun.




Samtal við hagaðila

Almenningur og hagaðilar skilji mikilvægi þess að fara vel með auðlindir okkar og huga að veitunum. Það gerir það auðveldara með að koma til móts við væntingar hagaðila og viðskiptavina.



Stefnuverkefni Veitna 5 - 6



Vaxtamening

Sameiginlegur skilningur á menningaráskorun og raunveruleg breyting á því hvernig við gerum hlutina. Samlegð í þekkingu og verkefnum í átt að markmiðum. => Þjónustumiðað fyrirtæki.




Kolefnishlutleysi

- Bæta kolefnisbókhald með því að gera grein fyrir neysludrifnu kolefnisspori.
- Móta útboðsskilmála sem gera í auknum mæli kröfur um vishæfa orkugjafa við innkaup á bílum og vinnuvélum.
- Koma upp nauðsynlegum innviðum á verkstað svo framkvæmdaaðilar geti nýtt vishæfa aflagjafa.
- Flokkunarstöð fyrir úrgang á Bæjarhálsi.




Stefnuverkefni Carbfix



Sæberg


„Commission of pilot seawater based CO2 injection“:

- Pilot system and supporting infrastructure fully constructed, tested and commissioned.
- At least 30 tonnes of CO2 injected (two ISO-containers)




Coda Terminal

- “Start pilot injection for Coda Terminal”:
 Build infrastructure with a capacity of 5-10.000 tCO2/year to be able to inject CO2.
 - Inject at least 500 tonnes in 2023.




Stefnuverkefni OR




Fráveita og hringrásarhagkerfi - Lykilverkefni


lágmarka sóun og hámarka nýtingu í rekstri fráveitukerfa. Á árinu 2023 er ætlað að stórefla innleiðingu á náttúrulegri hreinsun ofanvatns (blágrænar ofanvatnslausnir) og vinna að úrgangsméðhöndlun með fyrirtækjum, til dæmis Sorpu.



Skýrsla um aðlögun að loftslagsbreytingum - Lykilverkefni

2. áfangi. Staða aðlögunar að loftslagsbreytingum, framfarir frá útkomu síðustu skýrslu árið 2021. Auk Veitna er fjallað um hin félög OR; ON, Ljósleiðarann og Carbfix. Áhersla er lögð á að sýna framfarir frá síðustu skýrslu, skoða og meta aðlögunarkosti og stöðu aðgerðaráætlunar.





...svona náum við árangri í átt að framtíðarsýn

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 328
 Sendandi: Snorri Jökull Egilsson, Umhverfismál OR
 Dagsetning: 27. febrúar 2023
 Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR 23. febrúar 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt													*			
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt													**			
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*1.ÁF: Óhreinsað skólp í sjó 10x.
 **1.ÁF: Vatnshæð skorradalvatns yfir mörkum 1x.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR: Ekkert nýtt.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun.

- Vatnshæð Skorradalvatns fór yfir efri mörk vetrarhæðar 62.53 m.y.s. frá 13.-15.febrúar 2023. Þessa daga var mikið vatnsveður og leysingar sem að búnaður í stíflu við Skorradalvatn réð ekki við. Stefnt er að því að fara í endurbætur á stíflumannvirkjum og inntakslóni.

Jarðvarmavirkjanir

- Ekkert nýtt.

Leyfi og eftirlit:

- Ekkert nýtt.

Samskipti við hagsmunaaðila:

- Fundur með Orkustofnun (OS) verður 1. mars til að ræða um minnisblað OS um Andakílsárvirkjun sem fjallaði um lagalegt réttmæti virkjunarinnar. Í minnisblaðinu kom fram að aldrei hafi leikið vafi um réttmæti virkjunarinnar andstætt því sem landeigendur í Skorradal hafa haldið fram.
- Fundur um umhverfismál jarðgufuvirkjana verður haldinn 28. febrúar. Fjallað verður um matskyldufyrirspurn vegna rannsóknaborana í Meitlum og framkvæmdir vegna nýrrar lofthreinsistöðvar.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Ekkert nýtt.

Hitaveita: Vegna langvarandi frosthörku undanfarnar vikur jókst álag á hitaveituna og heitavatnsauðlindina.

Rafveita: Ekkert nýtt.

Fráveita:

- Vegna hláku og úrhellis hafa neyðarlúgur í skólpdælustöðvum fráveitu opnast.
 - Neyðarlúgan í Skeljanesi opnaðist nokkrum sinnum og var opin í alls 120 klst. Tilkynnt.
 - Neyðarlúgan í Gufunesi opnaðist á tímabilinu 13.-14. febrúar í alls 17 klst. Tilkynnt.
- Tjón varð á síum í hreinsistöðinni við Ánanaust vegna töluverðs magns af sandi og mól sem barst í búnaðinn. Vegna viðgerðar var óhreinsuðu skólpi dælt fram hjá síum í aðalútrás, 4 km út í sjó. Tilkynnt.
- Vegna viðhalds og prófana á búnaði opnuðust neyðarlúgur í Faxaskjólí (1 klst.) og Gufunesi (20 mín.). Tilkynnt.

Leyfi og eftirlit:

- Starfsleyfi hreinsistöðva fráveitu á Akranesi og í Borgarnesi hafa verið endurnýjuð af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Beðið er eftir afhendingu leyfanna.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

CARBFIX: Ekkert nýtt.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Það sem af er 2023 þá hefur H2S aldrei farið yfir sólarhringsmörk.

Loftslagsmál

- Losun OR-samstæðu jókst hlutfallslega frá síðasta ári um 5% sem nemur um 2.500 tonnum CO2-ígildum. Helsta ástæða þess var minni uppitími lofthreinsistöðvar við Helliheiði. Uppitími hennar var um 81% yfir árið 2022 en hann var 94% árið á undan.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Ekkert nýtt.

Mat á umhverfisáhrifum ofl:

- Undirbúningur vegna matskyldufyrirspurnar er hafinn vegna rannsóknarborana í Meitlum

Þekkingarmiðlun: Ekkert nýtt.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir


Dagsetning: 23. febrúar 2023

Efni: **Minnisblað forðagæslu**

Auðlindauppgjör 2022

Búið er að taka saman vinnslutölur fyrir allar vatns- og hitaveitur Veitna og háhitavirkjanir ON fyrir árið 2022 og hafa öll vinnslugögn verið send á Orkustofnun. Á mynd 1 má sjá þróun ársmeðalvinnslu heits vatns fyrir hitaveitu höfuðborgarsvæðið frá 1963 til 2022. Þrátt fyrir mikinn kulda og mikla notkun í lok árs var heildarnotkunin 2022 um 3% minni en árið 2021. Vinnsla lághitasvæða hitaveitu höfuðborgarsvæðisins minnkaði fjórða árið í röð er er það vegna þess að hvíldartímabil lághitasvæðanna er alltaf að lengjast. Nánar verður farið yfir uppgjör auðlinda í minniblaði forðagæslu á næsta stjórnarfundum.

Ársmeðalvinnsla fyrir höfuðborgarsvæði



Mynd 1 Þróun heitavatsframleiðslu fyrir höfuðborgarsvæðið frá 1963-2022 og skipting framleiðslunnar milli svæða.


Tæring í borholudælum í Elliðaárdalnum

Mikið hefur verið um bilanir á borholudælum á jarðhitasvæðinu í Elliðaárdal undanfarin ár. Þrjár borholudælur biluðu nú í janúar og febrúar, líklega vegna tæringar. Kalt innflæði af súrefnisríku vatni sem veldur tæringu á stáli hefur verið til vandræða á svæðinu um áratugaskeið. Aukin eftirspurn eftir heitu vatni undanfarin ár hefur valdið því að holurnar í dalnum hafa verið keyrðar meira og tæringin því haft meiri tíma til að slíta búnaðinum.

Töluverðar rannsóknir hafa verið í gangi undanfarið á jarðhitasvæðinu í samstarfi RoN við ÍSOR. Rannsóknirnar eru að hluti af RESULT verkefninu sem er styrkt af Geothermica áætlun Evrópusambandsins. Erfiðleikar í rekstri svæðisins kalla á úrbætur og munu þessar rannsóknir stuðla að auknum skilningi á því sem er að gerast í jarðhitakerfin. Niðurstöður verkefnisins verða notaðar í ákvarðanir sem þurfa að vera teknar í nánustu framtíð um um þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað svo framtíðarvinnsla á svæðinu verði farsæl.

Hækkuð vatnsstaða í vatnsveitum í kjölfar hlýinda

Hlýindi og rigningar undanfarið hafa hækkað vatnsborð í öllum vatnsveitum Veitna. Fyrir hlýindin var vatnsborðsstaða var með lægra móti miðað við undanfarin ár eftir langan frostakafla. Lág vatnsstaða í desember ógnaði afhendingaröryggi vatnsveitunnar í Reykholtssdal en eins og sjá má á mynd 2 er vatnsstaðan nú sambærileg við fyrri ár og afhendingaröryggi því tryggt.



Mynd 2 Vatnsborðsmælingar í holu SS-09 á Steindórsstöðum. Blá lína er staðan 2023 en skyggðu línurnar eru árin frá 2015-2022.

Þessar snöggu breytingar á veðri gerðu það að verkum að mikið ofanvatn var á ferðinni á yfirborði í Heiðmörk og við önnur vatnsból. Við svona aðstæður er tilkoma lýsingartækja mjög mikilvæg þar sem fyrri reynsla af svona veðuratburðum hefur sýnt að möguleiki er á gerlamengun í neysluvatni höfuðborgarsvæðisins.

HE-65b - Ný hola tengd við Hellisheiðarvirkjun

Í lok janúar var ný hola tengd inn á gufuveitu Hellisheiðarvirkjunar og við það batnaði staða gufuforða hennar. Allir háþrýstihverflar virkjunarinnar er því reknir á gott sem fullum afköstum en þó koma upp atvik í rekstir þar sem framleiðsla er ekki skv. uppsettu afli. Næsta aðgerð í orkuöflun fyrir virkjunina er tvöföldun Hverahlíðarlanga sem mun auka aðgengi virkjunarinnar að gufu. Framkvæmdinni verður lokið síðla árs 2024.

Ný svæði sunnan megin við Hengilinn

Rannsóknir og nýsköpun (RoN) vinna hörðum höndum að verkefnum sem tengjast stækkun núverandi vinnslusvæðis í Hverahlíð til suðurs upp á Norðurhálsa, stundum nefnt Hverahlíð II. Ennfremur er unnið að stækkun núverandi vinnslusvæðis á Hellisheiði til austur að Litla Skarðsmýrarfjalli og unnið að rannsóknum kringum Meitla, sunnan við Gráuhnúka. Verið er að kortleggja og rýna ákjósanleg svæði fyrir framtíðar jarðvarmavinnslu og leggja drög að breytingum á skipulagi sem verður svo sent til viðeigandi félaga eða stofnanna til að vinna áfram. Bæði er unnið með aðilum innan OR og ytri ráðgjöfum að þessum verkefnum.

1. gr.
Tilgangur

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Orkuveita Reykjavíkur kaupir. Innkaupareglurnar miða að því að tryggja réttar innkaupaaðferðir í verkefnum en taka ekki afstöðu til úthlutunar fjármagns, fjárhæðamarka eða samþykka þar að lútandi.

2. gr.
Ábyrgð

Ábyrgð á því að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur og innkaupastefnu er á hendi framkvæmdastjóra/stýru þess sviðs innan OR sem stendur fyrir innkaupunum hverju sinni og skulu þau vera í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlanir.

3. gr.
Lög og reglur um innkaup

Við innkaup skal þess gætt að ákvæðum laga og reglugerða sé fylgt s.s. lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð nr. 340/2017 sbr. tilskipun nr. 2014/25/ESB. Innkaup Orkuveitu Reykjavíkur („OR“) leiðbeinir með túlkun þessara laga og reglugerða.

4. gr.
Umboð

Umboð til innkaupa og undirritunar samninga er framselt sem hér segir:

- **0 - 250 þ.kr.:** Skal fylgja verklagi [IND-065](#) Smáinnkaup og skulupjónusta
- **250 þ.kr. – 100 m.kr.:** Forstöðufólk og framkvæmdastjóri/stýra hefur heimild til innkaupa og undirritunar samninga. Þau hafa heimild til þess að framselja umboð sitt til annars starfsfólks síns.
- **100 m.kr. – 400 m.kr.:** Framkvæmdastjóri/stýra viðkomandi sviðs eða staðgengill undirritar samninga enda hafi aðfangarád OR samþykkt innkaupin.
- **Yfir 400 m.kr.:** Framkvæmdastjóri/stýra viðkomandi sviðs eða staðgengill undirritar samninga enda hafi stjórn OR samþykkt innkaupin.

Um undirskrift samninga vegna vöru-, þjónustu- og verkkaupa er fjallað í [VRC-130](#).

5. gr.
Innkaupaaðferðir

Við innkaup skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- **Útboð**, eða önnur lögbundin innkaupaferli
- **Verðfyrirspurn**
- **Beinn samningur eða pöntun** án undangengins útboðs eða verðfyrirspurnar.

Ferli innkaupa er lýst í (IND-001).

6. gr.
Hvenær útboð skal viðhaft

Útboð skal viðhaft þegar um er að ræða:

- **Vörukaup yfir 18,5 m.kr.**
- **Þjónustukaup yfir 18,5 m.kr.**
- **Verklegar framkvæmdir yfir 58,5 m.kr.**

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skal að jafnaði beita verðfyrirspurnum til a.m.k. tveggja aðila, nema um smáinnkaup sé að ræða.

Sniðb: Málsgrein í lista, Miðjað, Inndráttur: Vinstri: 0 cm, Fyrsta lína: 0 cm, Bil Á eftir: 12 pt., Tölusetning + Stig: 1 + Tölusetningarstíll: 1, 2, 3, ... + Byrja á: 1 + Stilling: Vinstri + Stíllt við: 8 cm + Inndráttur við: 8,64 cm, Dálkhök: 0,5 cm, Vinstri

7. gr.

Samningar sem heimilt er að undanþiggja skyldu til útboðs eða fyrirspurnar

Heimilt er að víkja frá ákvæði 6. gr. um skyldu til að viðhafa útboð eða fyrirspurn um eftirtalda þjónustu, að því gefnu að lög og reglur áskilji ekki annað:

- Útgáfa viðskiptabréfa
- Fjármálaráðgjöf
- Rekstrar- og stjórnunarráðgjöf
- Lögfræðipjónusta
- Ráðningarpjónusta
- Starfsmenntun og námskeið
- Innkaup á sérhæfðum búnaði, varahlutum og vinnu við viðhald
- Þróunarverkefni
- Þegar útboði verður ekki viðkomið eða önnur málefnaleg sjónarmið réttlæta frávik að fara ekki í útboð.

Að undangenginni umsögn Innkaupa skal leggja beiðni um undanþágu frá útboðsskyldu fyrir aðfangarráð í samræmi við 9. gr., sbr. 6. gr. innkaupareglna OR. Þessi undanþága nær eingöngu yfir innkaupareglur OR en ekki lagalega skyldu til útboðs.

Þrátt fyrir að vikið sé frá meginreglunni um útboð við innkaup skal ávallt gæta hagkvæmni, jafnræði og gagnsæis í innkaupum.

8. gr.

Gildistími samninga

Óheimilt er að gera óuppsegjanlega samninga.

9. gr.

Mál sem fara fyrir aðfangarráð

- Beiðni um heimild til fráviks frá útboðsskyldu skv. 6. gr. um útboð.
- Tilkynningar um hugsanleg brot á innkaupareglum OR.
- Allir viðaukar sem nema meira en 10% af upphaflegri samningsfjárhæð og eru yfir viðmiðunarfjárhæðum 6. gr.

Mál sem fara fyrir aðfangarráð eru skráð á SharePoint síðu aðfangarráðs. Fjármálaleiðtogi OR boðar fundi eftir þörfum og þurfa þeir sem leggja inn erindi að vera reiðubúnir að mæta á fundi ráðsins. Fundargerðir eru vistaðar í skjalakerfi.

10. gr.

Hæfis- og siðareglur

Hvorki starfsfólki né stjórnarfólki OR er heimilt að eiga aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila, sem þau eru náskyld eða í hagsmunatengslum við. Við mat á vanhæfi skal miðað við reglur stjórnsýslulaga.

Starfsfólki er óheimilt að þiggja boðsferðir (fjármagnaðar af ytri aðila), sem tengjast viðskiptum viðsemda við Orkuveituna, nema með sérstakri heimild forstjóra hverju sinni.

11. gr.

Trúnaðarskylda

Allt starfsfólk fyrirtækisins, er koma að innkaupum, skulu gæta þágmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

Efni: Yfirlit yfir innkaupa á árinu 2022

Heildarinnkaup samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2022 voru að fjárhæð 30.463 m.kr. Eftir uppskiptingu er töluvert um viðskipti innan samstæðu og námu þau um 3.787 m.kr. á tímabilinu. Til innri viðskipta teljast t.d. vörukaup dótturfélaga af móðurfélagi.

Samstæða		
Flokkun	Upphæð	Hlutfall 2022
Útboð	19.035.831.576,01	62%
Innri viðskipti	3.786.738.293,64	12%
Viðskiptakjarasamningar	3.463.278.433,84	11%
Samtals	26.285.848.303,49	86%
Viðskipti undir viðmiði	4.177.600.582,94	14%
Samtals	30.463.448.886,43	100%

Í ljósi eðli starfsemi OR er oft á tíðum þörf á sérhæfðum innkaupum á vöru og þjónustu þar sem afar erfitt getur verið að koma við útboðum. Þetta á sérstaklega við um ýmiss konar viðhald á sérhæfðum búnaði sem og bilanir í veitukerfum og virkjanarekstri. Lögð hefur verið rík áhersla á að gera viðskiptakjarasamninga við þjónustuaðila til að sinna slíku.

Nýframkvæmdir eru skipulagðar fram í tímann og í slíkum tilfellum er útboðum nánast undantekningarlaust beitt.

Í samræmi við innkaupareglur Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að víkja frá skyldu um að nota útboð eða verðfyrirspurn um eftirtalda þjónustu: Útgáfu viðskiptabréfa, fjármálaráðgjöf, rekstrar- og stjórnunarráðgjöf, lögfræðiþjónustu, ráðningarþjónustu, starfsmenntun og námskeið, innkaup á sérhæfðum búnaði, varahlutum og vinnu við viðhald og þróunarverkefnum.

Neðangreind tafla sýnir flokkun innkaupa af birgjum þar sem heildarviðskipti á tímabilinu eru yfir útboðsmörkum samkvæmt innkaupareglum Orkuveitu Reykjavíkur (15,5 m.kr.). Einnig má sjá þróun á hlutfalli flokka frá árinu 2016.

Orkuveita Reykjavíkur								
Flokkun	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Upphæð 2022
Útboð	53%	50%	56%	48%	49%	51%	57%	5.390.773.993,74
Innri viðskipti	6%	6%	6%	4%	6%	5%	6%	555.396.903,00
Viðskiptakjarasamningar	19%	22%	19%	32%	20%	22%	19%	1.805.291.288,78
Húsaleiga	6%	6%	6%	3%	1%	1%	1%	92.917.920,00
Opinberir aðilar o.fl.	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	98.132.801,00
Samtals	84%	86%	88%	87%	77%	80%	85%	8.002.470.568,94
Viðskipti undir viðmiði	16%	14%	12%	13%	23%	20%	16%	1.477.831.084,79
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	9.420.343.991,31

Birgitta Vigfúsdóttir, þjónustustjóri Innkaupa veitir fúslega nánari skýringu á einstaka liðum. Sími 617-6336, netfang birgittav@or.is